

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnar háskólans, um styrk til kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi.

1873.
28. maí.

Kirkju- og kennslustjórnin hefir tilkynnt dómsmálastjórninni, að fjárhagsstjórn háskólans sé falið á hendur, að út borga af því fê, sem tilfært er á útgjaldagrein Kommunitetsins l.e. fyrir fjárhagsárið 1872-73 og veitt með fjárákalogunum 17. þ.m. fyrir tæð fjárhagsár, 570 rd., sumuð 450 rd. til þriggja læknisfræðinga á Íslandi, sem hafa notið kennslu í yfirsetufræði á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, og 120 rd. til tveggja íslenzkra læknisfræðinga sem styrk, til þess þeir gæti gengið á spítala hér, með því skilyrði, að þeir legði fram nægan vitnisburð um, að þeir hafi notið þessarar kennslu.

Útaf þessu sendum vèr tæða vitnisburði og mælumst til, að fjárhagsstjórn háskólans vili greiða fyrnefnda 570 rd. til aðalféhirzlunnar, þar sem tekið mun verða við fênu eftir tilhlutun dómsmálastjórnarinnar, og það talið með tekjum Íslands.

Fyrnefnda vitnisburði búumst vèr við að fá aptur.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald handa embættismönnum fyrir kostnað við póstsendingar.

17. júní.

Í bréfi, dagsettu 24. apríl þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, með því eigi sé tiltekin á áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. til 31. desbrm. 1873 nein sérstök upphæð, til þess að greiða íslenzkum embættismönnum endurgjald fyrir kostnað þann, sem leiðir af því, að tekið er af að flytja nokkuð kauplaust með póstum, borið upp þá fyrirsögn: hvort ætlazt sé til, að endurgjald þetta skuli goldið af því fê,